

Reykjavík, 25. maí 2016

## **Stjórnvaldssekt vegna brots Marel hf. gegn 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti**

Hinn 11. maí 2016 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins þá ákvörðun að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.500.000 krónur á Marel hf. (Marel eða félagið) vegna brots gegn 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.) með því að hafa látið hjá líða að birta tilkynningu, sem félaginu barst 29. október 2014 um breytingu á atkvæðisrétti, innan lögmæltra tímamarka.

### **Málsatvik**

Marel er útgefandi hlutabréfa sem skráð eru í kauphöll Nasdaq Iceland hf.

Þriðjudaginn 29. október 2014 kl. 18:17 barst Fjármálaeftirlitinu tilkynning hluthafa í Marel um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar hluthafans. Í tilkynningunni kom fram að viðskipti með hlutabréf í Marel hefðu átt sér stað 28. október 2014 og að við viðskiptin hefði atkvæðisréttur aðilans farið undir 5%.

Þar sem engin flöggunartilkynning birtist opinberlega í kauphöllinni vegna viðskiptanna hafði Fjármálaeftirlitið samband við flöggunarskylda aðilann með tölvupósti kl. 10:52 hinn 31. október 2014 og óskaði upplýsinga um hvort og hvenær tilkynningin hefði verið send til Marel. Svar barst kl. 10:55 sama dag og var það á þá leið að tilkynningin hefði verið send útgefanda á sama tíma og Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið hafði samband við regluvörð Marel með tölvupósti kl. 11:10 hinn 31. október 2014 og beindi því til félagsins að birta flöggunartilkynninguna. Regluvörðurinn svaraði kl. 11:45 og sagðist enga tilkynningu hafa fengið en að hann myndi kanna málið án tafar. Flöggunartilkynningin birtist síðan í fréttakerfi kauphallarinnar sama dag kl. 12:03.

Í samtali við regluvörðinn kom í ljós að flöggunarskyldi aðilinn hafði sent Marel tilkynninguna á netfangið investors@marel.com.

### **Lagagrundvöllur**

Í 87. gr. vvl. segir að útgefandi skuli, eins fljótt og auðið er eftir móttöku tilkynningar skv. 78., 79. eða 80. gr. og eigi síðar en klukkan 12 næsta viðskiptadag eftir að tilkynningin berst honum, birta opinberlega allar upplýsingar sem er að finna í tilkynningunni.

Ekki er í lögum að finna nánari leiðbeiningar um hvað felist í þeirri skyldu flöggunarskylds aðila að senda tilkynningu „með sannanlegum hætti“ til viðkomandi útgefanda, sbr. 78. gr. vvl. Í því máli sem hér var til skoðunar var óumdeilt að 29. október 2014 sendi flöggunarskyldur aðili tilkynningu á netfangið investors@marel.com þar sem fram kom að



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

viðskipti með hlutabréf í Marel hefðu átt sér stað 28. október 2014 og að við viðskiptin hefði atkvæðisréttur aðilans farið undir 5%.

Við mat á því hvort fullnægjandi var að senda flöggunartilkynninguna á umrætt netfang horfði Fjármálaeftirlitið til þess að netfangið var á mjög áberandi stað á fjárfestasvæði heimasíðu Marel undir fyrirsögninni „General email“. Þá bar netfangið sjálft það með sér að vera ætlað að vera aðalnetfang í samskiptum fjárfesta við Marel. Eins og hér stóð á hefði því ekki verið óvarlegt fyrir fjárfesta að ætla að flöggunartilkynning send á umrætt netfang kæmist til skila. Tilkynning fjárfestisins taldist því hafa verið sannanlega send Marel 29. október 2014 og hafði hann þannig uppfyllt þá skyldu sem á honum hvíldi samkvæmt 78. gr. vvl. Taldi Fjármálaeftirlitið að Marel yrði að bera hallan af því að hafa ekki athugað og unnið úr tölvupósti sem barst netfangi sem svo rækilega var haldið að fjárfestum í félaginu.

Engu var talið skipta í þessu sambandi að fjárfestirinn tilkynnti Fjármálaeftirlitinu um viðskiptin, sbr. 1. mgr. 78. gr. vvl. Af 87. gr. vvl. leiðir að það er í verkahring útgefanda, en ekki Fjármálaeftirlitsins, að birta opinberlega tilkynningar sem honum berast samkvæmt 1. mgr. 78. gr. vvl.

### **Ákvörðun sektarfjárhæðar**

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að brot gegn 87. gr. vvl. hafa þótt alvarleg. Upplýsingar um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eru taldar mikilvægar fjárfestum við ákvörðun þeirra um fjárfestingar þar sem upplýsingar um hluthafa sem ráða yfir verulegum hlut atkvæðisréttar og breytingar þar á geta skipt máli.

Á móti kom að Marel brást strax við ábendingu Fjármálaeftirlitsins um að birta flöggunartilkynninguna og setti á vefsíðu sína leiðbeiningar til flöggunarskyldra fjárfesta til að hindra að atvikið endurtæki sig. Loks átti brotið sér stað í október 2014 og hefur málið því tafist hjá Fjármálaeftirlitinu. Þóttu þessi atriði horfa til lækkunar sektarfjárhæðinni.

Með vísan til alls þessa þótti fjárhæð sektar Marel hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur.